ENSKA

Enska 7. bekkur

Kennarar: Hildur Karlsdóttir; Ingunn Óladóttir 7

Lýsing

Nemendur takast á við úrval munnlegra og skriflegra verkefna sem reyna á orðaforða, mál og málnotkun auk sjálfsmats.

Skólaárið

2023 - 2024

Helstu námsþættir vetrarins

Yes we can 6, kafli 3: Our Mysterious World: Umfjöllunarefnið og orðaforði snýst um að tjá okkur um það sem hræðir, það sem við trúum á og að lesa um frægar persónur og skrítna staði. Í málfræðinni er áhersla á að spyrja spurninga sem hefjast á is there ... og are there ...?

Yes we can 6, kafli 4: Time Off: Umfjöllunarefnið og orðaforði snýst um það sem við getum í frítíma okkar, að tjá okkur um tölvuleiki, að segja skoðanir okkar um skyldur og vasapeninga og lesa og tala um barnabókmenntir í Englandi. Í málfræðinni er áhersla á do og does í spurningum.

Yes we can 6, kafli 5: Four takes on the UK. Umfjöllunarefnið og orðaforði snýst um staðreyndir um Bretland, samanburð á ólíkum bíómyndategundum, að geta lesið og tjáð okkur um kvikmyndasett í Bretlandi. Í málfræði er áhersla á spurningar sem byggja á sögninni have.

Yes we can 6, kafli 6: Take It to the Extreme: Umfjöllunarefnið og orðaforði snýst um fræðitexta og leit upplýsinga, að tjá okkur um jaðarsport, að lýsa ólíkum athöfnum með því að nota ólík lýsingarorð. Í málfræði er áhersla á stigbreytingu lýsingarorða.

Eftir að yfirferð yfir Yes we can 6 lýkur verður byrjað á Yes we can 7 og unnið eins mikið í henni og tími vinnst til.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Ágúst - nóvember: Klára Yes we can 6 ca. einn kafli tekinn á þremur vikum.

Desember - maí: Yes we can 7, sömu tímaviðmið og í bók 6.

Námsaðlögun

Meiri stuðningur frá kennara á meðan aðrir vinna sjálfstætt að miklu leyti. Stuðst við hlustunarefni og unnið í litlum hópum.

Námsmat

Nemendur vinna forkönnun úr völdum orðaforða úr hverjum kafla áður en vinna við kaflann hefst og taka síðan aftur könnun þegar vinnu við kaflann er lokið. Lokapróf tekið eftir hvern kafla. Prófið verður unnið út frá hæfniviðmiðum, markmiðum og könnun í lok hvers kafla

Námsgögn

Yes we can 6 lesbók og vinnubók.

Yes we can 7 lesbók og vinnubók.

AS Enska 7. bekkur 2021 - 2024

- **Hæfnieinkunn (umsögn)**

AS Enska 7. bekkur 2021 - 2024 - Hlustun

- skilið og nýtt sér talað mál um ýmis málefni og brugðist við með orðum og athöfnum

AS Enska 7. bekkur 2021 - 2024 - Lesskilningur

- fyrirhafnarlítið lesið sér til gagns og ánægju með texta af ýmsum tog um margvísleg málefni

AS Enska 7. bekkur 2021 - 2024 - Samskipti

- tekið þátt í óundirbúnum samræðum um kunnugleg málefni og er samræðuhæfur um málefni sem hann þekkir

AS Enska 7. bekkur 2021 - 2024 - Frásögn

- rökstutt stuttlega skoðun sína
- flutt frásögn eða kynningu á eigin texta
- endursagt og tjáð sig um málefni sem hann þekkir

AS Enska 7. bekkur 2021 - 2024 - Ritun

- skrifað ýmsar gerðir af textum, samfelldan texta, um málefni sem hann þekkir og hefur unnið með
- sýnt fram á að hafa tök á orðaforðanum og beitt meginreglum í málnotkunar